

Nd.

239. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemanda til þess að kenna iðn sina, er þeim skylt að gera við hann skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrir mælum laga þessara, og enn fremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga.

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrjár og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnumálaráðherra til 3 ára í senn eftir tilnefningu iðnaðarnefnda Alþingis, og fer hlutfallskosning fram um tilnefninguna, ef nefndarmenn koma sér ekki saman. Iðnaðarfulltrúar skulu vera ráðuneytinu til aðstoðar um allt, er að iðnaðarmálum lýtur.

Áður en iðnaðarfulltrúar rita á námssamning nemanda, skulu þeir leita álits sveinafélags og meistarafélags staðarins, ef til eru, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni.

Námssamningur er því aðeins gildur, að tveir iðnaðarfulltrúanna að minnsta kosti hafi samþykkt hann með undirskrift sinni.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skuli vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, en leita áður um það tillagna landssambands iðnaðarmanna, en það leitar aftur umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

Tillögur aðilja þeirra, er að framan getur, skulu síðan bornar undir iðnaðarfulltrúa, áður en reglugerðin er gefin út.

3. gr.

Í stað orðanna „iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum“, í 14. gr. laganna, komi: einhver iðnaðarfulltrúa.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin niðurlagsorð 4. tölul. 15. gr. laga nr. 105 23. júní 1936: „áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum“, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Það hefir þótt undanfarið of mikið að því kveða, að ungum mönnum hafi verið meinað að nema iðnað. Hefir þetta gengið svo langt, að í sumum allfjölmennum iðngreinum í Reykjavík er nú enginn nemandi. Kunnugir telja, að sú skipan þessara mála, sem að nokkru leyti hafi skapast með lögnum um iðnaðarnám, er sett voru 1936, sé óviðunandi.

Með þeirri lagabreyting, sem hér er lagt til, að gerð verði á þessum lögum, vona ég, að meira frjálshynds gæti í framkvæmd þessara mála heldur en ríkt hefir nú um skeið.